

# **Lög Félags um innkirtlafræði**

**Iögð fram og samþykkt á aðalfundi 18. janúar 2008 með samþykktum**

**breytingartillögum á aðalfundi 6. febrúar 2009**

---

## **1. grein**

Félagið heitir „Félag um innkirtlafræði“ (FUI) (The Icelandic Endocrine Society). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

## **2. grein**

Tilgangur félagsins er að:

1. Efla innkirtla- og efnaskiptalækningar á Íslandi með því að
  - a. Stuðla að bættri greiningu og meðferð á innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum.
  - b. Efla þekkingu og rannsóknir á sviði innkirtla- og efnaskiptafræða.
  - c. Halda uppi samskiptum og samstarfi við hliðstæð félög erlendis.
2. Standa vörð um hagsmunamál félagsmanna í samvinnu við stjórnir annarra íslenskra læknafélaga og Læknafélag Íslands.
  - a. Félagið sér um samskipti og samninga við Tryggingastofnun Ríkisins og aðra sambærilega aðila um gjaldskrármál osfrv. fyrir félagsmenn hverra mál eru ekki þegar í höndum annarra fagfélaga (dæmi: barnalæknar).

## **3. grein**

Félagar geta þeir læknar orðið, sem starfa á Íslandi og öðlast hafa sérfræðiviðurkenningu í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum hérlandis. Ennfremur má veita aðild öðrum sem hafa innkirtlafræði sem starf eða áhugasvið, enda hafi þeir hlotið samþykki félagsfundar. Skulu þeir síðastnefndu teljast aukafélagar. Stjórn félagsins skal halda skrá yfir virka félaga og aukafélaga. Greiði félagar eða aukafélagar ekki félagsjöld 2 ár í röð fellur félagsaðild þeirra sjálfkrafa úr gildi.

Aukafélagar hafa ekki atkvæðisrétt um lagabreytingar eða hagsmunamál félaga sbr. grein 2.2.a

## **4. grein**

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri sem skipta með sér verkum. Stjórn skal kjósa á aðalfundi til þriggja ára í senn.

Aðalfund skal halda á fyrsta ársfjórðingi ár hvert. Til hans skal boða skriflega með 15 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur, ef rétt er til hans boðað.

Í atkvæðagreiðslu á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Á aðalfundi er skýrsla stjórnar fyrir undangengið starfsár kynnt og rædd, gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins, ákvörðun tekin um félagsjöld næsta árs, stjórnarmenn kjörnir ef við á, og önnur mál tekin fyrir.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

## **5. grein**

Fræðslu- og aðra fundi skal halda þegar tilefni gefst og eftir nánari ákvörðun stjórnar. Dagskrá skal tilkynna í fundarboði.

## **6. grein**

Félagið getur á aðalfundi, kjörið heiðursfélaga innlenda eða erlenda, er unnið hafa sér orðstír á sviði innkirtlafræða eða stuðlað að framgangi þeirra með einum eða öðrum hætti. Sérhver félagi eða aukameðlimur getur lagt fram tillögur um heiðursfélaga í samráði við stjórn félagsins.

## **7. grein**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins skriflega fyrir aðalfund.

## **8. grein**

Ákvörðun um slit Félags um innkirtlafræði má eingöngu taka á löglegum aðalfundi. Tillaga þess efnis skal lögð fram skriflega 2 vikum fyrir aðalfund. Til samþykktar þarf einfaldan meirihluta og renna eignir félagsins þá til Félags íslenskra lyflækna og Félags íslenskra barnalækna í hlutfalli við fjölda aðalfélaga sem tilheyra hvoru félagi um sig.